

RAFORKUMÁLASTJÓRI  
Jarðhitadeild

SKÝRSLA UM ATHUGANIR VARDANDI NEYZLUVATN FYRIR  
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Eftir

Jón Jónsson

Júlí 1966

Skýrsla um athuganir varðandi neysluvatn fyrir  
Kirkjubæjarklaustur

Eftir Jón Jónsson

Núverandi vatnsból

Áð því er mér hefur verið tjáð er neysluvatn fyrir byggðina að Kirkjubæjarklaustri nú tekið úr Systravatni. Það fer ekki milli mála að það er óheppilegt vatnsból, því óhreinindi eru stöðugt fyrir hendi í slíkum stöðuvötnum. Sérstaklega gætir þess seinni hluta sumars. Vatnið gruggast og mjög í miklum stormum bæði vegna öldugangs og líka vegna áfoks. Á staðnum er nú auk íbúðarhúsa sláturhús, að sumri til hótél og loks er gert ráð fyrir heimavistarskóla fyrir börn á svæðinu milli sanda (þ.e. Mýrdalssands og Skeiðarársands). Það er því áskallandi að fá betra vatnsból fyrir þessa byggð.

Stekkatúnslakur

Næðan við svonefnt Stekkatún, en það er kippkorn austan við Rauðá, kemur upp lakur örskammt frá Skaftá og lítir eitt herra en áin. Á þessum stað er grunnt á fast berg, og verður ekki annað séð en að vatnið hljóti að koma upp úr föstu bergi. Í því sambandi má geta þess að við Systrastapa og Rauðá kemur fram jökulbergslag (tillit) og liggur sú bergmyndun inn undir stapann og fjallið. Að jafnaði er jökulberg mjög þétt og virðist því líklegast að lindin komi á mótum jökulbergs og annarra bergmyndana, móbergs eða basalts.

Þetta vatn er því að öllum líkindum ágætt neysluvatn. Rennslíð mældist þann 6/7 1966 um 5 l/sek. Mælingin, sem gerð var með 10 l plastskjólum og stoppklukku, var endurtekin nokkrum sinnum. Hitastig mældist 4,7 °C. Efnagreining á vatninu liggur ennþá ekki fyrir, en verður gerð bráðlega.

Vegalengd frá Stekkatúnslök heim að Klaustri er nálægt 1,3 km. Þess má geta að 1 l/sek af vatni er nóg handa 100 manns.

Rennsli kvæð hafa minnkað verulega í læknum á tímabili s.l. vetur. Það er því mjög skillegt að fylgjast vel með rennsli hans framvegis. Vatninu verður að deila ef virkjar verður og nota miðlunargeymi.

#### Lind í helli ofan við Stekkatún

Nokkru austar í fjallinu er dálítill hellisskúti neðst í hömrunum og liggur grasi gróin brekka upp að honum. Skútinn er myndabur í sprungum sem liggja í sömu stefnu og hlífín. Þegar komið er inn í skútann, má heyra vatnanið inni í berginu fyrir botni skútans, og sér þar aðeins í vatn. Virðist þar vera foss, sem fellur í sprungu, en ekki sést það vatn meir. Það er því ekki vitað hversu mikið rennsli þarna er um að ræða. Líklegast er að vatn þetta komi milli laga í berginu og falli svo í sprunguna, en hvert leið þess liggur eftir það verður ekki sagt. Hugsanlegt, en ekki sérlega trúlegt, er að þarna sé raunar Stekkatúnslökur á ferðinni. Skútinn er líklega í 35 - 40 m hæð yfir Skaftá, en það mundi þýða að vatnið þáan mætti fá sjálfrennandi heim að Klaustri. Reynist vatnsrennsli þarna nóg mætti byggja miðlunarþró í skútanum sjálfum og væri þá fengið eitt hið glesilegasta vatnsból, sem til er á öllu landinu.

Tillögur

Það sem gera þarf í bráð er:

- 1) Að hreinsa vel kringum upptök Stekkatúnslækjar, helst alveg niður á fast berg svo hægt verði að sjá hvernig vatnið kemur upp.
- 2) Mæla rennsli í læknum við og við.
- 3) Athuga lindina í skítanum ofan við Stekkatún. Reynt verði að komast að lindinni svo hægt verði að mæla rennsli og taka sýnishorn. Ráðið er frá að sprengja á staðnum því bergið er sprungið túff með bólstrum í á við og dreif. Það er því hætt á hruni ef ekki er gætt varðbar. Bergið virðist ekki fastara fyrir en svo að sennilega má nota einföld handverkfæri til þess að komast í lindina. Lindina ætti að láta renna framvegis eins og hún hefur gert þar til er hún verður endanlega virkjuð (ef til kemur), en varast skal að láta vatnið renna niður í skítann eða í brekkuna því ella kann svo að fara að brekkan hlaupi fram, hrapi, ef jarðvegur nær því að verða vatnsósa.